96 10. júlí.

1. gr.

Í byrjun vertíðar ár hvert kveður hreppstjóri alla formenn til fundar, til að kjósa 3 menn úr þeirra flokki í hverri veiðistöðu hreppsins fyrir sig í gæzlunefnd, sem hefir á hendi, að láta draga upp veifu, þegar hún álítur hæfilega bjart, til að sjá til sundmerkja, og að ræði sje. En úr því að albjart er orðið, ræður hver formaður róðri sínum.

Annað hlutverk nefndar þessarar er, að ákveða, hvenær á vertíðinni skuli brúka færi og hvenær lóð.

Þriðja hlutverk nefndar þessar er, að ákveða, hvenær á vertíðum skuli brúka til beitu skelfisk og maðk.

2. gr.

Þess skal gætt, að menn leggi ekki á »sundin« of nærri hver öðrum, heldur með hæfilegu millibili. Einkum skulu menn varast, að leggja hver á móti öðrum á sundin, þegar brim er, heldur sje beðið eptir þeim, sem á sundið er lagður, en sá hefir forgangsrjett á leiðinni, sem af sjó kemur.

3. gr.

Hver skipseigandi leggi til ílát eptir þörfum til skips síns undir slor, sem flutt skal á sjó út til niðurburðar í grynnstu fiskileitum, og hefir formaður hvers skips umsjón bæði yfir ílátunum og á því, að slorið sje flutt út.

4. gr.

Þegar lóð er brúkuð, skal svo hagað lagningu lóðarinnar, að sem minnstur bagi verði að fyrir aðra, svo sem, að sá er á eptir kemur, leggi ekki of nærri þeim, sem áður er farinn að leggja, sízt byrji fyrir framan stafninn hjá þeim, sem eru að leggja, eða rói svo út lóðina, að fyrirsjáanlegt sje, að lóðarflækjur verði eða hraunfestur.

5. gr.

Hver formaður hafi með sjer á sjó, í hvert skipti sem róið er, að minnsta kosti 8 potta af lýsi, til þess að hella í sjóinn, ef sundið er slæmt. Kostnaður af því skiptist niður sem afli af skipinu.

6. gr.

Nefnd sú, sem um er rætt í 1. gr. hefir umsjón með, að ákvörðunum þessum sje fylgt.

7. gr.

Brot á móti samþykkt þessari varðar 5—20 kr. sekt í hvert skipti eptir atvikum, að svo miklu leyti það sætir ekki hegningu eptir hegningarlögunum. Sektin rennur að helmingi til gæzlunefndarinnar og að helmingi til sveitarsjóðs Stokkseyrarhrepps«.

* * *

Samþykkt þessi er hjer með staðfest af undirskrifuðum amtmanni til þess að öðlast gildi frá 14. febrúar 1887, og kunngjörist öllum hlutaðeigendum til eptirbreytni.

Íslands suðuramt, Reykjavík 10. júlí 1886.

E. Th. Jónassen.

97

Skýrsla

um aðalfund amtsráðsins í vesturamtinu 17.—19. júní 1886.

Ár 1886, hinn 17. júním. átti amtsráð vesturamtsins fund með sjer í Stykkishólmi, og mætti á fundinum forseti ráðsins, amtmaður í vesturamtinu E. Th. Jónassen

og amtsráðsmennirnir, sýslumaður S. E. Sverrisson, og sýslunefndarmaður Hjálmur Pjetursson. 97

Eptirgreind málefni voru fyrir tekin:

1. Forseti framlagði jafnaðarsjóðsreikning vesturamtsins fyrir árið 1885 og var hann yfirfarinn og athugaður og fannst ekkert út á hann að setja.
2. Forseti framlagði reikning yfir búnaðarskólagjald vesturamtsins fyrir árið 1885 og fannst ekkert við hann að athuga.
3. Forseti framlagði reikning yfir búnaðarsjóð vesturamtsins fyrir árið 1885 og fannst ekkert við hann að athuga.
4. Forseti framlagði reikning yfir tekjur og gjöld amtsbókasafnsins í Stykkishólmi, fyrir árin 1884 og 1885 og fannst ekkert við hann að athuga.
5. Forseti framlagði eptirgreinda sýslusjóðsreikninga:
   1. Frá Barðastrandarsýslu fyrir árið 1884. Við reikning penna fannst athugavert, að af sýslusjóðsgjaldi, innheimtu þetta umrædda ár og árið 1883, einnig af styrk veittum úr landssjóði til eflingar búnaði hafði verið lánað út gegn veði í fasteign 824 kr. 25 a. án þess að nokkurt veðbrjef væri framlagt sem fylgiskjal með reikningnum fyrir lántöku þessari, nje heldur sjóðnum reiknaðar nokkrar tekjur í vöxtum af láni þessu. Amtsráðið áleit ótilhlýðilegt, að jafna niður á sýslubúa fje til þess að lána það síðan út, einnig áleit ráðið enga heimild fyrir sýslunefndina til að verja fje, sem veitt er úr landssjóði til eflingar búnaði, á þann hátt, að leggja það fyrir sem lán.

      Ráðið fal forseta sínum á hendur að óska eptirrits af veðbrjefi fyrir ofangreindu láni.
   2. Frá Mýrasýslu fyrir árið 1884 og fannst ekkert sjerlegt við hann að athuga.
   3. — Ísafjarðarsýslu fyrir árið 1885.
   4. — Dalasýslu fyrir árið 1885.
   5. — Snæfellsness- og Hnappadalssýslu fyrir árið 1885.
   6. — Strandasýslu fyrir árið 1885 og fannst ekkert við reikninga þessa athugavert.
6. Því næst ákvað amtsráðið að verja skyldi til að styrkja búnaðarskólann í Ólafsdal upp í:
   1. Meðgjöf með 12 námspiltum, 4 í yngri deild, 250 kr. með hverjum, og 8 í eldri deild 150 kr. með hverjum . . . . . kr. 2200
   2. Til viðhalds verkfærum . . . . . — 100
   3. — prófdómenda . . . . . — 80
   4. — kennslulauna handa forstöðumanni skólans . . . . . — 800
   5. — kennslulauna handa aukakennara um vetrartímann . . . . . — 350
   6. — að stofna bókasafn handa búnaðarskóla í vesturamtinu . . . . — 100

   Samtals kr. 3630

   og skyldi til þessa styrks ganga
   1. Vextir af búnaðarsjóði vesturamtsins . . . . . kr. 189
   2. Búnaðarskólagjald vesturamtsins . . . . . — 635
   3. Vextir af innstæðu búnaðarskólasjóðsins . . . . . — 340
   4. Væntanlegur styrkur úr landssjóði . . . . . — 2466

   Samtals kr. 3630
7. Var lagt fram brjef, dags. 12. júní 1886 frá forstöðumanni búnaðarskólans í Ólafs-

97 dal þar sem hann æskir þess, að sjer verði veittur 2000 kr. styrkur til þess að stækka húsakynni handa skólanum. Amtsráðið áleit, að nauðsynlegt væri að stækka húsakynnin handa skólanum, ef hann ætti að geta haldið áfram, en þareð það ekki hafði fje til umráða til að bæta úr þessu, fal það forseta á hendur að fara þess á leit við landshöfðingjann yfir Íslandi, að hann vildi veita hinn umbeðna fjárstyrk.

8. Í tilefni af brjefi, dags. 12. þ. m. frá forstöðumanni búnaðarskólans í Ólafsdal um endurskoðun á reglugjörð fyrir skólastofnunina þar frá 1. okt. 1880, fal amtsráðið forseta sínum á hendur að búa til nýja reglugjörð fyrir tjeðan búnaðarskóla
9. Amtsráðinu höfðu borist styrkbeiðslur frá 4 mönnum sumpart til jarðabóta og sumpart til búfræðis- og fiskiklaksnáms, en amtsráðið sá sjer ekki fært að taka tillit til þessara beiðna, meðal annars af því, að eigi var nægilegt fje fyrir hendi.
10. Forseti framlagði eptirrit af gjörðabókum ýmsra sýslunefnda, er ekkert fannst að athuga við.
11. Eptir ósk sýslunefndarinnar í Mýrasýslu í brjefi, dags. 12. þ. m. samþykkti amtsráðið að vegurinn frá Grímsstöðum ofan í Straumfjörð, svokallaður Breiðaásvegur, og vegurinn frá Staðarhrauni, ofan með Hítará, ofan að Ökrum sjeu eptirleiðis sýsluvegir.
12. Var framlagt brjef dags. 1. þ. m. frá oddvita hreppsnefndarinnar í Helgafellssveit, þar sem farið er fram á, að amtsráðið breyti úrskurði sýslunefndarinnar í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, um lækkun á útsvari Þorleifs Þorleifssonar í Bjarnarhöfn, einnig brjef dags. 17. þ. m. frá stórkaupmanni Hans A. Clausen, þar sem farið er fram á að amtsráðið breyti úrskurði nefndrar sýslunefndar, er hækkar sveitartillag hans til Helgafellssveitar síðastliðið ár, og enn fremur var framlagt brjef dags. s. d. frá verzlunarstjóra Richter, er óskar að amtsráðið breyti úrskurði sömu sýslunefndar um hækkun á útsvari verzlunar N. Chr. Grams til nefndrar sveitar síðastliðið ár.

    Þareð amtsráðið hlýtur að álíta að hlutaðeigandi sýslunefnd, samkvæmt lögum 9. jan. 1880, hafi haft heimild til að leggja endilegan úrskurð á hinar umræddu útsvarsupphæðir gat amtsráðið ekki breytt þessum úrskurði sýslunefndarinnar.
13. Var framlagt brjef, dags. 1. þ. m. frá Indriða Gíslasyni á Hvoli, þar sem hann óskar, að ½ jörðin Hvoll í Saurbæ, mætti verða tekin sem nægilegt veð fyrir 1200 kr. láni úr búnaðarsjóði vesturamtsins. Amtsráðið samþykkti þetta.
14. Var framlagt brjef, dags. 15. þ. m., frá Indriða Indriðasyni á Hvoli, þar sem hann beiðist þess, að amtsráðið veiti sjer jafnháan styrk og veittur hefur verið að undanförnu reglulegum námspiltum á búnaðarskólanum í Ólafsdal, til að bera þann kostnað, sem hann hefur haft við að nema búfræði á búnaðarskóla þessum Amtsráðið fann ekki ástæðu til að verða við bæn þessari.
15. Var framlagt brjef, dags. 10. þ. m., þar sem sýslumaðurinn í Dalasýslu í umboði sýslunefndarinnar beiðist meðmæla amtsráðsins til landshöfðingjans yfir Íslandi, um að honum mætti þóknast að veita fje til endurbóta á fjallvegunum yfir Haukadalsskarð og Laxárdalsheiði yfirstandandi sumar.

    Amtsráðið fjellst á að brýna nauðsyn bæri til, að endurbæta fjallvegi þessa og fól forseta sínum að mæla fram með hinni umræddu fjárveitingu.
16. Því næst var framlagt brjef frá sýslumanninum í Snæfellsness og Hnappadalssýslu dags. 20. f. m. innihaldandi tillögur hlutaðeigandi sýslunefndar um að amtsráðið

styðji að því, að Kristján Jónsson, bóndi á Rauðamel, fái úr landssjóði endurgoldnar 30 kr., er hann hefur kostað til að bæta úr ófæru, sem komið hafði á fjallveginn yfir Rauðamelsheiði við skriðufall. Amtsráðið áleit sanngjarnt, að kostnaður þessi fengist endurgoldinn úr landssjóði, og vill leggja það til við landshöfðingjann yfir Íslandi, að hin umrædda reikningsupphæð fáist sem fyrst greidd. 97

17. Síðan var framlagt brjef, dags. 10. f. m. þar sem sýslumaðurinn í Dalasýslu í umboði sýslunefndarinnar óskar meðmæla amtsráðsins með því, að veittar verði 2000 kr. annaðhvort að öllu leyti á yfirstandandi ári, eður að helmingi í ár og að hinum helmingnum ár 1887 til endurbóta á aðalpóstleiðinni kringum Gilsfjörð. Amtsráðið fjellst á, að leggja meðmæli sín með fjárbæn þessari, að svo miklu leyti landshöfðinginn sæi sjer fært að veita fje í því skyni.
18. Í tilefni af brjefi, dags. 1. þ. m. frá forstöðunefnd kvennaskólans í Reykjavík, þar sem beiðst er 150 kr. styrks handa tjeðum skóla, veitti amtsráðið úr jafnaðarsjóði vesturamtsins skóla þessum 100 kr. fyrir yfirstandandi ár, en sakir hins bágborna hags amtsbúa, sá það sjer ekki fært að veita hina eptiræsktu upphæð að fullu.
19. Í tilefni af brjefi, dags. 1. des. f. á., frá prestinum Páli Pálssyni á Þingmúla, samþykkti amtsráðið að hann fengi 40 kr. uppbót á árlegri meðgjöf með daufdumbum pilti, Birni Guðmundssyni frá Ísafjarðarsýslu, er hjá honum er til kennslu.
20. Útaf umkvörtun hreppsnefndarinnar í Sljettuhreppi, í brjefi dags. 26. marz 1885, yfir því að sýslunefndin í Ísafjarðarsýslu hafi á aðalfundi 1884 lækkað útsvar bóndans, Sigurðar Gíslasonar á Hesteyri, um 4 kr., án þess að hafa í höndum álit eður úrskurð hreppsnefndarinnar um málið, enn fremur yfir því, að sama sýslunefnd hafi ákveðið tölu verkfærra manna í Sljettuhreppi 60 í stað 42, þrátt fyrir mótmæli hlutaðeigandi hreppstjóra, ákvað amtsráðið að fresta úrslitum máls þessa, þar til betri upplýsingar eru fengnar um það, og fal forseta á hendur að leita þeirra.
21. Var framlögð reglugjörð fyrir Snæfellsness- og Hnappadalssýslu um grenjaleitir, fjármörk, notkun afrjetta, fjallskil og rjettarhöld m. fl., staðfest af hlutaðeigandi sýslunefnd á aðalfundi hennar 13. apríl þ. á., og samþykkti amtsráðið hana með fáum breytingum.
22. Var framlagt brjef, dags. 21 apríl þ. á., þar sem sýslumaðurinn í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu í umboði sýslunefndarinnar fer þess á leit, að amtsráðið samþykki að sýslunefndin taki 10,000 kr. lán úr landssjóði, til að afstýra yfirstandandi og yfirvofandi neyð í sýslunni. Þareð amtsráðinu er kunnugt um, að síðan samþykkis þessa var leitað, hefir verið góður fiskiafli í verstöðum sýslunnar og það því vonar, að með því móti hafi mikið bætst úr hinni yfirvofandi neyð, fjellst ráðið á að samþykkja nú aðeins, að sýslan fengi allt að 5,000 kr. lán úr landssjóði, að meðtöldu því 2,500 kr. láni, sem hlutaðeigandi amtmaður upp á væntanlegt samþykki amtsráðsins þegar hefir útvegað sýslunni á næstliðnu vori.
23. Því næst var rædd og samþykkt eptirfylgjandi

Áætlun

um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs vesturamtsins fyrir árið 1887.

Tekjur.

1.	Í sjóði og eptirstöðvar	800 kr. » a.
2.	Niðurjöfnun	1400 — » -
		2200 — » -

97 Gjöld :

1.	Til sakamála, gjafsóknarmála og lögreglumála	»» — » -
2.	— bólusetninga og annara heilbrigðismála	250 — » -
3.	Kostnaður við kennslu heyrnar- og málleysingja	300 — » -
4.	Kostnaður við amtsráðið	450 — » -
5.	Til ýmsra gjalda	300 — » -
6.	Til ferðakostnaðar	100 — » -
7.	Eptirstöðvar	800 — » -
		2200 — » -

Fleiri málefni voru ekki fyrirtekin á fundinum og var honum því næst slitið 19. júnímán.

E. Th. Jónassen. *S. E. Sverrisson.* *Hjálmur Pjetursson.*

98 **Skýrsla**

um aðalfund amtsráðsins í suðuramtinu, 29. júní — 3. júlí 1886.

Árið 1886, 29. dag júnímánaðar, átti amtsráð suðuramtsins fund með sjer á skrifstofu amtmannsins í suðuramtinu. Á fundinum voru: amtmaðurinn í suðuramtinu, og sem kosnir amtsfulltrúar Dr. Grímur Thomsen og Skúli prófastur Gíslason.

Þessi málefni komu þar til umræðu :

1. Forseti lagði fram reikning um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs suðuramtsins fyrir árið 1885, og var ekkert við hann að athuga.
2. Forseti lagði fram reikning yfir búnaðarskólagjaldið í suðuramtinu 1885, var hann yfirfarinn og fannst ekkert athugavert við hann.
3. Forseti lagði fram leiguliðasjóðsreikning suðuramtsins fyrir árið 1885, er einnig var yfirfarinn og fannst ekkert athugavert við hann.
4. Forseti lagði fram eptirrit þau, er nú skal greina, af fundarbókum sýslunefndanna:
   a. Borgarfjarðarsýslu: fundargjörðir 1. júní 1885, 16. júlí og 18. des. s. á. Við þessar fundargjörðir er það að athuga, að þarsem ráðgjört er að taka 2000 kr. lán til vegagjörðar, þarf til þess samþykki amtsráðsins, en þess hefir ekki verið leitað. Út af áskorun sýslunefndarinnar á fundi 16. júlí f. á. þess efnis, að amtsráðið í suðuramtinu vildi fara þess á leit við amtmanninn í vesturamtinu, að búnaðarskóli vesturamtsins yrði fluttur að Hvanneyri og sameinaður við búnaðarskólastofnun þá, sem þar er fyrirhuguð, þá ályktaði amtsráðið að verða við þessum tilmælum, að því viðbættu, að amtsráðið áliti það æskilegt, að einn væri búnaðarskóli fyrir suðuramtið og vesturamtið, á Hvanneyri, bæði frá sjónarmiði amtanna, landssjóðs og búnaðarskólagjaldsins, og hjet forseti amtsráðsins, að skrifast á um mál þetta við sýslunefndirnar í vesturamtinu.
   b. Gullbringu- og Kjósarsýslu: fundargjörðir 29. apríl, 30. maí og 1. sept. 1885 og 28. apríl 1886 og 15. maí s. á. Við þær er að athuga: Viðvíkjandi kæru sýslunefndarinnar yfir úrskurði amtsráðsins á fundi 4. júní 1885, áhrærandi 2 fjárveitingar sýslunefndarinnar til Flensborgarskólans árin 1883 og 1884, að upphæð alls 450 kr., verður amtsráðið, þareð því ekki er kunnugt um, að nefndur úrskurður sje felldur úr gildi, að halda fast við sinn fyrri úrskurð, og fól forseta sínum, að brýna fyrir oddvita sýslunefndarinnar að fullnægja úrskurðinum.

   Út af því sem amtsráðinu af fundargjörðunum er kunnugt um ósk sýslunefndarinnar á fundi 1. sept. f. á., að fá 20,000 kr. hallærislán í viðbót við áður veittar 20,000 kr. í sama skyni, á síðastliðnu ári, þá þykir amtsráðinu slík